

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 201/2021

frá 9. júlí 2021

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/77 frá 27. janúar 2021 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/418 frá 9. mars 2021 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB að því er varðar nikótínamíðríbósíðklóríð og magnesíumsítratmalat sem eru notuð við framleiðslu á fæðubótar-efnum og að því er varðar mælieiningar sem eru notaðar fyrir kopar ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/468 frá 18. mars 2021 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 að því er varðar grasfræðilegar tegundir sem innihalda hýdroxýantrasenafleiður ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inn-gangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 5) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 29, 28.1.2021, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 83, 10.3.2021, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 96, 19.3.2021, bls. 6.

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzi (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB):

„– **32021 R 0418:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/418 frá 9. mars 2021 (Stjtíð. ESB L 83, 10.3.2021, bls. 1).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzzu (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006):

„– **32021 R 0468:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/468 frá 18. mars 2021 (Stjtíð. ESB L 96, 19.3.2021, bls. 6).“

3. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 192. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/120):

„193. **32021 R 0077:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/77 frá 27. janúar 2021 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjtíð. ESB L 29, 28.1.2021, bls. 1).“

2. gr.

Texti reglugerða (ESB) 2021/77, (ESB) 2021/418 og (ESB) 2021/468, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. júlí 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.